

## **Reglur um úthlutun umhverfis- og verkefnastyrkja 2019**

---

- 1. Sækja skal um styrk til sveitarstjórnar sem samþykkir/eða synjar umsókn. Í umsókn komi fram lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd eða verkefni, áætlaður framkvæmdatími og kostnaðaráætlun.**
- 2. Úthlutað er vegna framkvæmda er varða bætt umhverfi, ástand og/eða útlit býla, eða verkefna sem talin eru líkleg til að styðja við búsetu í Fljótsdalshreppi.**
- 3. Aðeins er úthlutað til eigenda/umráðamanna lögbýla í Fljótsdalshreppi**
- 4. Ekki er úthlutað til lögbýla án heimilisfestu. Heimilisfestan þarf að hafa verið skráð samfleytt á viðkomandi lögbýli , að lámarki 12 undangengna mánuði, þegar umsókn er tekin fyrir og heimilisfestan þarf einnig að vera til staðar þegar kemur að útgreiðslu styrksins.**
- 5. Framlag vegna eigin vinnu er kr. 750.000-, en einnig er greitt framlag vegna útlagðs kostnaðar allt að kr. 250.000, -gegn framvísun á afriti af reikningum (án vsk). Úthlutaður styrkur á hvert lögbýli árið 2019 getur þannig að hámarki verið kr.1.000.000,-.**
- 6. Oddviti greiðir styrki út þegar framkvæmd er lokið, úttekt hefur farið fram og lagðir hafa verið fram reikningar sem sýna útlagðan kostnað.  
Ef framkvæmd er ekki lokið og úttekt hefur farið fram innan 2ja ára frá dagsetningu styrkumsóknar, fellur samþykki fyrir styrkúthlutun niður. Viðkomandi á þess þó kost að óska eftir endurnýjun á umsókninni, ef fyrir liggur að framkvæmd komist á.**

*Samþykktar reglur á fundi sveitarstjórnar 06.11 2018*